

Farskólinn  
miðstöð símenntunar  
á Norðurlandi vestra  
Ársreikningur 2019

Farskólinn - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra

Faxatorgi

550 Sauðárkrókur

kt. 460993-2379

Sjóður nr. 1743

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra er að efla endur- og símenntun á Norðurlandi vestra.

Á árinu 2019 var rekstrarniðurstaða jákvæð um 9,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og var eigið fé skólans 44,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi í lok ársins.

Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra námu 11,6 millj. kr. á árinu 2019. Engin stjórnarlaun voru greidd á árinu 2019. Á árinu störfuðu 5 starfsmenn hjá Farskólanum í 4,8 ársverkum.

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur haft neikvæð áhrif á rekstur Farskólans hvað varðar tekjur af námskeiðum og verkefnum. Fjárlög frá ríkinu eru óbreytt og eru nánast einu tekjur skólans fyrstu mánuði ársins 2020. Veruleg óvissa ríkir enn um endanleg áhrif faraldursins á Farskólann en þau ráðast meðal annars af því hversu lengi hann varir, hvort þær ráðstafanir sem stjórnendur hafa gripið til skili tilætluðum árangri, hve lengi núverandi efnahagssamdráttur varir og áhrifum af aðgerðum stjórnvalda til að koma til móts við félög sem eiga við rekstrarvanda að etja vegna faraldursins.

Vísað er til skýringar 12 í ársreikningnum um nánari umfjöllun um áhrif faraldursins á rekstur félagsins og þær ráðstafanir sem stjórnendur hafa gripið til.

Stjórn og framkvæmdastjóri Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 8. júní 2020.

Stjórn:

  
Guðmundur Finnbogason

  
Bryndís Lilja Hallsdóttir

  
Erla Björk Örnólfsdóttir

  
Ingileif Oddsdóttir

  
Rakel Runólfsdóttir

Framkvæmdastjóri:

  
Bryndís K. Práinsdóttir  
Suðurgötu 8  
550 Sauðárkrókur

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Farskólans - miðstöðvar símenntunar á Norðurlandi vestra („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 8. júní 2020.

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag ríkissjóðs .....		24.854.918	23.664.000
Styrkir .....		1.505.600	1.505.600
Tekjur vegna námskeiða og verkefna .....	6	49.854.713	37.026.411
Tekjur vegna háskólanáms .....	7	10.940.825	11.331.231
Aðrar tekjur .....		246.824	615.450
	5	<u>87.402.880</u>	<u>74.142.692</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Kostnaður vegna námskeiða og verkefna .....		32.585.949	30.076.067
Kostnaður vegna háskólanáms .....	7	10.596.991	12.092.913
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	8	28.776.071	29.056.897
Annar rekstrarkostnaður .....	9	6.726.539	7.650.648
		<u>78.685.550</u>	<u>78.876.525</u>
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ....</b>		8.717.330	( 4.733.833)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		1.064.808	1.119.034
Vaxtagjöld og gengismunur .....	(	55.975)	57.794
Fjármagnstekjuskattur .....	(	234.246)	( 240.216)
		<u>774.587</u>	<u>936.612</u>
<b>Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....</b>	10	<u>9.491.917</u>	<u>( 3.797.221)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Eignir</b>			
Viðskiptakröfur .....	3	6.496.057	8.757.693
Aðrar skammtímakröfur .....		51.961	0
Handbært fé .....		45.383.746	38.464.713
		<u>Veltufjármunir</u>	<u>47.222.406</u>
		<b>Eignir samtals</b>	<b>47.222.406</b>
		<u>51.931.764</u>	<u>47.222.406</u>
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		44.149.662	34.657.745
	Eigið fé	<u>44.149.662</u>	<u>34.657.745</u>
<b>Skuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		2.266.689	4.013.946
Aðrar skammtímaskuldir .....	11	5.515.413	8.550.715
		<u>Skammtímaskuldir</u>	<u>12.564.661</u>
		<b>Skuldir samtals</b>	<b>12.564.661</b>
		<u>7.782.102</u>	<u>12.564.661</u>
		<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>47.222.406</b>
		<u>51.931.764</u>	<u>47.222.406</u>

## Sjóðstreymisýfirlit árið 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	10	9.491.917	( 3.797.221)
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		2.209.675	( 3.143.517)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		( 4.782.559)	2.837.555
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		( 2.572.884)	( 305.962)
Handbært fé frá (til) rekstrar		6.919.033	( 4.103.183)
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>		6.919.033	( 4.103.183)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		38.464.713	42.567.896
<b>Handbært fé í lok ársins .....</b>		45.383.746	38.464.713



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### 2. Innlausn tekna

Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku á greiðslu og tekjur af sölu námskeiða og aðrir styrkir þeim tengdum eru færðir í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa ríkir um innheimtu þeirra.

### 3. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

### 4. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

### 5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	2019	2018
Framlög frá ríkissjóði:		
Fjárlög, fært sem rekstrarframlag .....	21.775.000	20.764.000
Fjárlög, fært sem styrkur við háskólanám .....	10.725.000	11.136.000
Aukafjárveiting .....	3.079.918	2.900.000
Samtals framlög frá ríkissjóði .....	35.579.918	34.800.000
Framlög frá Rannís og Fræðslusjóði:		
Rannís vegna námskeiðsins Íslenska fyrir útlendinga .....	1.680.000	1.850.000
Framlag Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða .....	13.260.000	12.010.000
Framlag Fræðslusjóðs vegna náms- og starfsráðgjafar .....	4.040.000	4.149.998
Framlag Fræðslusjóðs vegna raunfærismats .....	3.175.000	4.797.253
Samtals framlög frá Rannís og Fræðslusjóðs .....	22.155.000	22.807.251
Endurgreidd framlög fyrri ára .....	( 1.160.250)	( 308.720)
Framlög Fræðslusjóðs, flutt frá fyrra ári .....	3.836.000	731.000
Framlög Fræðslusjóðs, flutt til næsta árs .....	( 780.000)	( 3.836.000)
Samtals .....	24.050.750	19.393.531
Aðrar tekjur:		
Framlög frá stofnaðilum .....	1.505.600	1.505.600
Námskeiðs- og verkefnatekjur .....	25.803.963	17.632.880
Aðrar tekjur .....	462.649	810.681
Samtals aðrar tekjur .....	27.772.212	19.949.161
Samtals rekstrartekjur .....	87.402.880	74.142.692

## Skýringar, frh.:

### 6. Tekjur vegna námskeiða og verkefna

Tekjur vegna námskeiða og verkefna skiptist þannig:	2019	2018
Framlag Fræðslusjóðs vegna vottaðra námsleiða .....	13.260.000	12.010.000
Framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafar .....	4.040.000	4.149.998
Framlag Fræðslusjóðs vegna raunfærnimats .....	3.175.000	4.797.253
Framlag Rannís vegna námskeiðsins Íslenska fyrir útlendinga .....	1.680.000	1.850.000
Námskeiðs- og verkefnatekjur .....	25.803.963	17.632.880
	47.958.963	40.440.131
Endurgreidd framlög fyrri ára .....	( 1.160.250)	( 308.720)
Framlög Fræðslusjóðs, flutt frá fyrra ári .....	3.836.000	731.000
Framlög Fræðslusjóðs, flutt til næsta árs .....	( 780.000)	( 3.836.000)
Samtals tekjur vegna námskeiða og verkefna .....	49.854.713	37.026.411

### 7. Háskólanám

Tekjur og gjöld vegna háskólanáms greinist þannig:

	2019	2018
<b>a. Tekjur</b>		
Styrkur menntamálaráðuneytis vegna háskólanáms á Norðurlandi vestra .....	10.725.000	11.136.000
Aðstöðugjald háskólanema .....	119.000	154.000
Leiga vegna fjarfundabúnaðar .....	96.825	41.231
Tekjur vegna háskólanáms	10.940.825	11.331.231
<b>b. Gjöld</b>		
Launakostnaður .....	9.173.684	10.746.584
Húsaleiga og húsnæðiskostnaður .....	661.363	649.350
Viðhald og keyptur búnaður til háskólanáms á Norðurlandi vestra .....	473.898	362.712
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	288.046	334.267
Kostnaður vegna háskólanáms	10.596.991	12.092.913
Afkoma háskólanáms .....	343.834	( 761.682)

### 8. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:

	2019	2018
Laun .....	31.639.026	36.177.127
Mótframlag í líffeyrissjóð .....	4.255.421	4.735.917
Tryggingagjald .....	2.431.402	2.873.887
Sjúkra- og orlofssjóður .....	1.009.762	1.090.230
Breyting á áunnu orlofi .....	( 240.067)	94.923
Bifreiðastyrkur .....	945.120	1.041.500
Dagpeningar .....	0	310.898
Ferðakostnaður .....	250.516	367.622
Annar starfsmannakostnaður .....	607.392	712.477
	40.898.572	47.404.581
Laun millifærð á kostnað vegna háskólanáms .....	( 9.173.684)	( 10.746.584)
Laun millifærð á kostnað vegna náms- og starfsráðgjöf .....	( 1.474.409)	( 3.800.550)
Laun millifærð á kostnað vegna raunfærnimats .....	( 1.474.409)	( 3.800.550)
	28.776.071	29.056.897
Fjöldi starfsmanna að meðaltali .....	4,1	4,7
Ársverk .....	4,8	5,0

Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra félagsins námu 11,6 millj.kr. á árinu 2019, (2018: 11,5 millj. kr.)

## Skýringar, frh.:

### 9. Sundurliðun á öðrum rekstrarkostnaði

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2019	2018
Stjórnunarkostnaður .....	3.356.494	4.183.850
Kostnaður vegna tækja og búnaðar .....	1.336.934	1.517.432
Húsnæðiskostnaður .....	1.380.202	1.298.300
Skrifstofukostnaður .....	652.909	651.066
	<u>6.726.539</u>	<u>7.650.648</u>

### 10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.1.2019.....	34.657.745
Rekstrarniðurstaða .....	9.491.917
Staða 31.12.2019.....	<u>44.149.662</u>

### 11. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2019	2018
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	780.000	3.836.000
Ógreidd launatengd gjöld .....	4.735.413	4.714.715
	<u>5.515.413</u>	<u>8.550.715</u>

### 12. Atburðir eftir reikningsskiladag

Covid-19 heimsfaraldurinn sem nú gengur yfir hefur veruleg áhrif á mörgum sviðum um allan heim. Veruleg óvissa ríkir um efnahagsleg áhrif faraldursins, svo sem vegna óvissu um hve lengi hann muni vara og hver áhrifin muni verða eftir að honum lýkur. Gera má ráð fyrir að áhrif á rekstur Farskólans verði umtalsverð vegna tekna af námskeiðshaldi og verkefnum. Fjárlög frá ríkinu standa óbreytt og eru nánast einu tekjur skólans á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Það er mat stjórnenda Farskólans að ekki sé unnt á þessum tímapunkti að leggja mat á áhrif faraldursins á rekstur hans í ljósi framangreindrar óvissu sem og óvissu um hver endanleg viðbrögð stjórnvalda muni verða en meta greiðsluhæfi skólans þó ekki skert. Farskólinn hefur brugðist við þessum aðstæðum meðal annars með því að færa verkefni sem voru á áætlun á vormánuðum 2020 til haustsins 2020. Framlög frá ríkinu eru óbreytt út árið 2020 og er sjóðsstaða skólans sterk.

## Skýringar, frh.:

### 13. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2019	2018	2017	2016	2015
Rekstrartekjur .....	87.403	74.143	81.959	74.689	71.863
Rekstrargjöld .....	( 78.686)	( 78.877)	( 82.215)	( 71.936)	( 78.546)
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) fyrir fjármagnsl. ....	8.717	( 4.734)	( 256)	2.752	( 6.683)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	775	937	1.085	744	783
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	9.492	( 3.797)	829	3.496	( 5.900)
<b>Efnahagur:</b>					
Veltufjármunir .....	6.548	8.758	5.614	4.035	1.414
Handbært fé .....	45.384	38.465	42.568	42.629	41.231
Eignir samtals	51.932	47.222	48.182	46.664	42.645
Eigið fé .....	44.150	34.658	38.455	37.626	34.130
Skammtímaskuldir .....	7.782	12.565	9.727	9.037	8.515
Eigið fé og skuldir samtals	51.932	47.222	48.182	46.664	42.645